

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 72/2013

2013/EES/64/01

frá 25. janúar 2013

um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 180/2008 og (EB) nr. 737/2008 að því er varðar tímabil
tilnefninga á tilteknum rannsóknarstofum sem tilvísunarrannsóknarstofum ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ⁽¹⁾, einkum l. mgr. 55. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2009/156/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra, sem hafa áhrif á flutninga dýra af hestaætt og innflutning þeirra frá þriðju löndum ⁽²⁾, einkum d-lið 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008 frá 28. febrúar 2008 um tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins fyrir sjúkdóma í dýrum af hestaætt, aðra en afríkuhrossapest, og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽³⁾, tilnefndi framkvæmdastjórnin ANSES ásamt rannsóknarstofum hennar fyrir heilbrigði dýra og sjúkdóma í dýrum af hestaætt, Frakklandi, sem tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir sjúkdóma í dýrum af hestaætt, aðra en afríkuhrossapest, til fimm ára frá 1. júlí 2008 og fastsetti hlutverk hennar, verkefni og málsmeðferðarreglur að því er varðar samstarf við þær rannsóknarstofur sem eru ábyrgar fyrir greiningu á smitsjúkdómum í dýrum af hestaætt í aðildarríkjunum.
- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 737/2008 frá 28. júlí 2008 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofum Bandalagsins fyrir sjúkdóma í krabbadýrum, hundæði og berkla í nautgripum, um frekari skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins fyrir hundæði og berkla í nautgripum og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽⁴⁾ tilnefndi

framkvæmdastjórnin Centre for Environment, Fisheries & Aquaculture Science (Cefas), Weymouth Laboratory, Breska konungsríkinu, sem tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir sjúkdóma í krabbadýrum til fimm ára frá 1. júlí 2008.

- 3) Til að tryggja gæði niðurstaðna úr greiningum og sjúkdómsgreiningum í Sambandinu, og samræmi milli þeirra, er mikilvægt að tilnefndar tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir sjúkdóma í dýrum af hestaætt, aðra en afríkuhrossapest, og fyrir sjúkdóma í krabbadýrum haldi starfsemi sinni áfram í fimm ár í viðbót.
- 4) Því skal framlengja tímabilið sem þessar rannsóknarstofur voru tilnefndar sem tilvísunarrannsóknarstofur ESB.
- 5) Rannsóknarstofurnar, sem eru skráðar í reglugerð (EB) nr. 737/2008 og voru áður nefndar „tilvísunarrannsóknarstofur Bandalagsins“, eru nú nefndar „tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins (ESB)“ eftir gildistöku Lissabonsáttmálans.
- 6) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 180/2008 og (EB) nr. 737/2008 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 180/2008 komi dagsetningin „30. júní 2018“ í stað „30. júní 2013“.

2. gr.

Í stað 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 737/2008 komi eftirfarandi:

„1. gr.

The Centre for Environment, Fisheries & Aquaculture Science (Cefas), Weymouth Laboratory, Breska konungsríkinu, er hér með tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir sjúkdóma í krabbadýrum frá 1. júlí 2008 til 30. júní 2018.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 26, 26.1.2013, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 181/2013 frá 8. nóvember 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 56, 29.2.2008, bls. 4.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 29.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. janúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
